



## 7. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2018

---

### TILLAGA AÐ SAMÞYKKT UM STARFSÞRÓUN

Verður

*TILLAGA AÐ SAMÞYKKT UM STARFSÞRÓUN - breytt*

---

Sjöundi aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 17. - 18. maí 2018 telur afar mikilvægt að tækifæri og framboð til starfsþróunar verði aukið til mikilla muna. Tryggja þarf réttindi og möguleika félagsmanna til að stunda starfsþróun jafnt á starfstíma skóla sem utan hans. Taka þarf tillit til bæði þarfa og óska einstaklinga og þróunar og stefnu hvers skóla / skólasamfélags.

Brýnt er að fjölga leiðum og efla finna leiðir fyrir þá sem búa fjarri háskólunum til að stunda nám án þess að þurfa að leggja land undir fót. Þetta þarf að gerast í samstarfi við háskólana.

Aðalfundur Félags grunnskólakennara beinir því til skólamálanefndar félagsins að leita leiða til þess að efla starfsþróun félagsmanna utan vinnutíma bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.